




motus

Greiðsluhraði heimila og fyrirtækja

GREINING
09/2023

Hvað er greiðsluhraði?

Greiðsluhraði er mælikvarði sem við notum til að greina þróun innheimtu. Mælikvarðinn byggir á öllum stofnuðum kröfum hvers viðskiptavinar og er greiðsluhraði mældur út frá því hversu hátt hlutfall stofnaðra krafna er greitt á tilteknum tímapunktum.

Eftir því sem hlutfallið hækkar eykst greiðsluhraði og er því jákvætt að hann sé mikill. Þegar talað er um greiðsluhraða í þessari skýrslu er átt við greiðsluhlutfall krafna á eindaga.

Greiðsluhraði 12M er greiðsluhraði síðustu 12 mánaða. Miklar skammtímasveiflur geta verið á greiðsluhraða og því geta mælingar yfir lengri tímabil gefið betri mynd af þróuninni til langs tíma litið.

Breytingar milli ára á greiðsluhraða 12M sýnir breytingar á greiðsluhraða síðustu 12 mánaða í samanburði við greiðsluhraða 12 mánuðina þar á undan.



Lykilstærðir síðustu 12 mánuði



Fjöldi útgefna krafna

14,1 m.



Heildarupphæð útgefinna krafna

910,4 ma.



Meðalupphæð kröfu

64,5 þ.kr.

FYRIRTÆKI

Hlutfallslegur fjöldi krafna **24%**

Meðalupphæð kröfu **183** þ.kr.

HEIMILI

Hlutfallslegur fjöldi krafna **76%**

Meðalupphæð kröfu **27** þ.kr.

Þróun greiðsluhraða

	Allir	Heimili	Fyrirtæki
Janúar 2019	80,6%	81,4%	78,3%
Janúar 2020	81,4% ▲	82,3% ▲	78,6% ▲
Janúar 2021	86,9% ▲	88,0% ▲	83,2% ▲
Janúar 2022	87,2% ▲	88,3% ▲	84,0% ▲
Janúar 2023	87,4% ▲	88,3% —	84,2% ▲
Ágúst 2023	86,8% ▼	87,9% ▼	83,8% ▼


Greiðsluhraði haldist nokkuð stöðugur eftir mikla COVID hækkun

Hlutfall greiddra krafna á eindaga hefur mælst nokkuð stöðugt frá miðju ári 2021.

Skilvísun greiðendum fjölgaði mikið á tímum COVID farsóttarinnar og hafa greiðendur haldið nokkuð vel í þessar breyttu greiðsluvenjur. Fram á mitt ár

2021 var mikil aukning á greiðsluhlutfalli krafna á eindaga. Eftir þann tíma hafa breytingar verið óverulegar þrátt fyrir háa verðbólgu á tímabilinu.

HLUTFALL GREIDDRA KRAFNA Á EINDAGA Á ÁRUNUM 2019 TIL 2023




Dregið hefur úr greiðsluhraða frá áramótum

Þegar við skoðum árlegan greiðsluhraða, jafnast skammtíma-sveiflur á greiðsluhraða út og það er auðveldara að greina langtímaþróun hans.

Línan er nokkuð flöt frá miðju ári 2021, en breytingar milli ára, sýna greinilega lækkun á greiðsluhraða. Ákveðin skil eiga sér stað í nóvember 2022 þegar breytingar milli ára á árlegum greiðsluhraða voru neikvæðar í fyrsta sinn á tímabilinu.

Allt árið 2023 hafa árlegar breytingar verið neikvæðar og greiðsluhraði því aðeins á niðurleið eins og staðan er í dag.

ÁRLEGUR GREIÐSLUHRADI OG BREYTINGAR MILLI ÁRA




Minnkandi greiðsluhraði hjá bæði heimilum og fyrirtækjum

Eftir langt tímabil aukins greiðsluhraða, sjáum við nú að það dregur úr greiðsluhraða hjá bæði heimilum og fyrirtækjum.

Breytingar eru þó litlar hjá báðum hópum. Á þessu ári hefur greiðsluhraði 12M dregist saman um að meðaltali 0,1% hjá heimilum og 0,2% hjá fyrirtækjum.

Fyrir Covid voru fyrirtæki aðeins farin að gefa eftir og greiddust hlutfallslega færri kröfur á eindaga árið 2019 heldur en árið 2018. Heimilin voru hins vegar í allt annarri stöðu og greiðsluhraði á uppleið hjá þeim á þessum tíma.

ÁRLEGUR GREIÐSLUHRADI OG BREYTINGAR MILLI ÁRA



Alvarleg vanskil

Greiðist krafa ekki á eindaga fer hún öllu jöfnu í innheimtu. Milliinnheimtu lýkur almennt í kringum 45 dögum eftir eindaga. Á þeim tímapunkti er búið að senda greiðanda innheimtuviðvörðun, þrjú innheimtubríf og áminna hann með símtali. Næsta skref er löginnheimta og málin því komin í alvarlega stöðu.

Alvarleg vanskil eru mæld út frá hlutfalli ógreiddra krafna 45 dögum eftir eindaga. Hlutfallið er tekið af öllum stofnuðum kröfum. Eftir því sem hlutfallið lækkar fækkar kröfum sem fara í alvarleg vanskil.

Alvarleg vanskil 12M er hlutfall ógreiddra krafna 45 dögum eftir eindaga síðustu 12 mánuði. Með því að reikna hlutfall ógreiddra krafna yfir lengra tímabil eyðum við út skammtímasveiflum og árstíðabundnum sveiflum.

Breytingar milli ára á alvarlegum vanskilum 12M sýna breytingar á alvarlegum vanskilum síðustu 12 mánuði í samanburði við alvarleg vanskil 12 mánuðina þar á undan.




Enn dregur úr alvarlegum vanskilum

Þrátt fyrir að nú dragi úr greiðsluhraða og hlutfallslega færri kröfur því að greiðast á eindaga, fækkar enn þeim kröfum sem fara í alvarleg vanskil.

Síðustu ár hefur kröfum sem fara í alvarleg vanskil fækkað mjög mikið. Árið 2019 fór að meðaltali 2,5% af öllum stofnuðum kröfum viðskipavina Motus í alvarleg vanskil.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins 2023 var þetta hlutfall komið niður í 1,4%. Á þessum tímabili hefur því kröfum sem fara í alvarleg vanskil fækkað um 44%.

ALVARLEG VANSKIL SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI OG BREYTINGAR MILLI ÁRA




Alvarleg vanskil fyrirtækja eru þó að aukast


Í mars síðastliðnum greindum við aukningu á alvarlegum vanskilum fyrirtækja yfir síðustu 12 mánuði. Sú var einnig raunin í apríl og maí.

Fyrir þann tíma var síðast aukning á alvarlegum vanskilum fyrirtækja í október 2020. Það er aðra sögu að segja um heimilin. Þar heldur áfram að draga úr alvarlegum vanskilum, þó samdrátturinn sé mun minni en hann var yfir tíma Covid.

Breytingar á hlutfalli krafna sem fara í alvarleg vanskil síðust 12 mánuði hafa verið mjög miklar síðustu ár. Frá árinu 2019 hefur þetta hlutfall lækkað um 47% hjá heimilum og 34% hjá fyrirtækjum. Það er því vert að nefna að þó við greinum aukningu í alvarlegum vanskilum fyrirtækja eru þau enn í sögulegu lágmarki.

ALVARLEG VANSKIL SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI OG BREYTINGAR MILLI ÁRA





Sjáðu greiðsluhraða þíns félags á viðskiptavefnum

Viðskiptavinir Motus hafa aðgang að greiðsluhraðayfirliti á viðskiptavef Motus. Í yfirlitinu er greiðsluhraði mældur annars vegar út frá fjölda krafna og hins vegar upphæð höfuðstóls. Skýrslan veitir viðskiptavinum góða sýn á hvernig þeir standa miðað við heildina, því hægt er að taka út samanburðartölur við atvinnugreinar.

Við hvetjum ykkur til að hafa samband og fá ráðgjöf um aðgerðir sem líklegar eru til að bæta kröfustýringu þíns félags. Sérfræðingar okkar taka vel á móti þér.